

EFTIRLITSSKÝRSLA

Veiðifélag Eystri - Rangár Eyjarlandi, Bláskógarbyggð



Dags eftirlits	10.5.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Veiðifélag Eystri - Rangár	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Móeiðarhvoll 2	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5304922659	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Birkir Tómasson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi fannst í eftirliti. Tvær ábendingar voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Starfsleyfið tekur til eldis laxfiska með 20 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma og að hámarki 20 tonna ársframleiðslu.

Fyrir lá að skoða fiskeldi Veiðifélags Eystri-Rangár að Eyjarlandi í Bláskógarbyggð. Stöðin er með nýtt starfsleyfi (23. júní 2021). Allt vatn er sjálfrennandi.

Á árinu 2021 voru framleidd 14,6 tonn af laxaseiðum og voru afföll lítil, dauðfiskur var alls 66 kg. Fóðurnotkun var 18,7 tonn á síðasta ári. Klukkufóðrun er á öllum kerjum og reiknast fóðurnýting 1.28.

Hreinsiefni sem notuð eru, eru Fantur frá Mjöll og Viscon, alls um 42 lítrar við sóttthreinsun kerja. Lyf gegn rauðmunna voru notuð. Eins voru um 30 lítrar af formalíni notaðir við böðun seiðanna.

Eftirlitið hófst á fundi. Mætt voru Birkir Tómasson fulltrúi rekstraraðila og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.

Dagskrá:

1. Rekstraraðili fer yfir stöðu rekstursins og hreinsikerfa fiskeldisins.
2. Farið yfir eldri útafstandandi mál.
3. Farið yfir breytingar á starfsleyfi sem gerðar voru 23. júní 2021
4. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2022
5. Olíumannvirki. Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
6. Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir

1. Unnið er við breytingar og stækkun eldisstöðvarinnar. Þrjár setþrær eru í frárennsli eldisins. Bleikjur eru í fyrstu þrónni og étur bleikjan fóðurleifar úr frárennsli stöðvarinnar. Umhverfisstofnun fer fram á að beikjur í „hreinsivirki“ stöðvarinnar verði taldar með í heildarlífmassa stöðvarinnar. Tvær setþrær eru í frárennslinu en eftir það fer frárennslið um skurð í Grafará/Urriðalæk (vatnshlot nr. 103-544-L) og í Apavatn (vatnshlot nr. 103-2252-L). Búnaður til þess að koma í veg fyrir slysasleppingar er í frárennslinu. Gera á áætlun um endurnýtingu fastefnis (botnfalls) úr setþrónum.

Krafa er í starfsleyfinu um að fosfór í viðtaka fari ekki fram úr 7 kg/tonn af lífmassaaukningu á ári og köfnunarefni fari ekki fram úr 60 kg/tonn af lífmassaaukningu á ári. Gera skal Umhverfisstofnun viðvart ef farið er fram úr þessum losunarmörkum og þá skal auka hreinsun frárennsli vatns áður en því er veitt í viðtakann. Til þess að meta álag á viðtakann skal taka sýni og mæla efnainnihald vatns við inntak í stöðina og í frárennsli frá stöðinni. Mæla skal svifagnir og lífrænt efni árlega en heildarfosfór (total P) og heildarköfnunarefni (total N) tvisvar í eldisvatni við inntak í stöðina og í frárennsli frá stöðinni tvisvar á ári, þ.e. við hámarksfóðrun og við lágmarksfóðrun. Ath. hægt er að sækja um breytinga á tíðni mælinga sbr. gr. 2.6.

Losun uppleystra næringarefna sem berast í viðtaka er áætluð samtals 665 kg af köfnunarefni og 50 kg af fosfór (byggir á úrreikningum sem taka mið af fóðurnotkun (Wang ofl. 2012)). Reiknað er með að bleikja éti hluta þeirra fóðurleifar sem berast frá stöðinni á föstu formi. Útreiknuð losun (út frá fóðurnotkun) fyrir fosfór og köfnunarefni eru því vel innan við losunarmörk sem starfsleyfið setur. Útreikningar á losun næringarefna út frá sýnatöku í viðtaka hefur ekki borist. Minnt er á að í ársyfirliti rekstraraðila skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga vegna fyrra árs, sbr. gr. 4.4.

2. Fiskeldið var rekið án starfsleyfis frá því að eldra starfsleyfi rann út og til 16. júní 2021 þegar UAR gaf út undanþágu frá kröfum um starfsleyfi. Eldra frávik frá 22. september 2020 er því lokað.

Nýtt starfsleyfi Umhverfisstofnunar gildir svo frá 23. júní 2021 til 23. júní 2037.

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirliti síðasta árs. Annars vegar um að safna kvittunum vegna skila á úrgangi og hafa þær aðgengilegar í starfsstöðinni og nota þær við gerð árlegrar skýrslu um umhverfisupplýsingar. Hins vegar að ljúka frágangi á lóð þegar framkvæmdum lýkur. Þetta eru gagnlegar ábendingar sem hafa skal í huga við stækkun stöðvarinnar.

Fráviki vegna efnalagers var lokað í eftirlitsskýrslu síðasta árs.

3. Í nýju starfsleyfi er gerð krafa um að fjórar skriflegar áætlanir liggja fyrir í stöðinni; áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar og neyðaráætlun (gr. 1.5), áætlun um meðferð úrgangs og áætlun um endurnýtingu fastefnis úr frárennsli stöðvarinnar (3.10).

Farið var yfir stöðu þessara mála og liggja nú allar áætlanir fyrir nema samkomulag við Fóðurstöð Suðurlands ehf. um móttöku á dauðfiski við hugsanlegum massadauða í eldisstöðinni (hluti af neyðaráætlun) er enn óundirritað í drögum.

Gera á mælingar á sýnum úr inntaki vatns og frárennsli tvisvar á ári við hámarksfóðrun og við lágmarksfóðrun og nota niðurstöðurnar til þess að meta álag af losun næringarefna á viðtakann. Niðurstöður mælinga vegna 12. janúar, 21. mars og 28. apríl sl. hafa borist stofnuninni.

Fyrir 1. maí ár hvert skal senda Umhverfisstofnun umhverfisupplýsingar og ársyfirlit fyrir árið á undan. Rekstraraðili með 20 tonna eldi og losun í ferskvatn er undanþeginn færslu á grænu bókhaldi. Ársyfirlit barst ekki á tilskildum tíma og er það frávik frá kröfum í starfsleyfi. Ársyfirlitið barst 17. maí sl. og því er frávikinu lokað.

Skoðaðar voru skráningar sem gera skal skv. gr. 4.1 í starfsleyfi. Ekki eru gerðar athugasemdir við þær.

Skrá skal öll óhöpp og slys í starfsstöðinni og tilkynna stofnuninni um allar meiriháttar breytingar í rekstrinum.

4. Reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit nr. 550/2018 kveður á um að Umhverfisstofnun skuli gera áhættumat á fyrirtækjum sem farið er í eftirlit til, og nota áhættumatið til þess að ákveða tíðni eftirlita.

Farið var yfir áhættumat stöðvarinnar. Niðurstöður munu ekki liggja fyrir fyrr en öllum eftirlitum í sambærilegum fiskeldum er lokið og þá mun verða gefið út skipulag eftirlits stofnunarinnar hjá fiskeldisfyrirtækjum á næsta ári (2023).

5. Allt vatn er sjálfrennandi og ekki þörf á varaafli. Engin rafstöð er í starfsstöðinni og því enginn olíugeymir.

6. Engar kvartanir bárust vegna reksturs fiskeldisstöðvarinnar, hvorki hljóð-, ljós-, né lyktarkvartanir. Engin óhöpp urðu sem mengun á lóðinni.

Þjálfun starfsmanna fór fram tvisvar á síðasta ári samhliða heimsókn fiskeldisfræðings.

Farið var í skoðun á útiaðstöðu. Framkvæmdir eru enn yfirstandandi og þörf á tiltekt að þeim loknum. Skoðaðar voru settjarnir í frárennsli sem eru hreinsikerfi stöðvarinnar. Ekki voru gerðar athugasemdir.

Frávik frá

Lýsing á frávikum

ákvæði í gr. 4.4 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit fyrir undangengið ár og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert.

ÁBENDINGAR


Umhverfisstofnun fer fram á að fiskur í frárennsli stöðvarinnar (bleikjur) sé talinn með í heildarlífmassa stöðvarinnar.

Minnt er á að í árlegu ársyfirliti stöðvarinnar skuli koma fram samantekt á niðurstöðum mælinga og skráninga vegna fyrra árs.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 25.08.2022



Gottskálk Friðgeirsson

